



Framlag eldri borgara til samfélagsins

Samanburður á niðurstöðum úr spurningalistakönnunum 2006 og 2016

Höfundar:

Amalía Björnsdóttir

Ingibjörg H. Harðardóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

©Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir

Framlag eldri borgara til samfélagsins: Sammanburður á niðurstöðum úr
spurningalistakönnun

2006 og 2016

Menntavísindastofnun, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

ISBN: 978-9935-468-10-9

Efnisyfirlit

Skrá yfir töflur	5
Skrá yfir myndir	6
Samantekt	7
Inngangur	8
Söfnun gagna og þátttakendur	9
Niðurstöður	10
Heilsufar	10
Aðstoð við barnagæslu	12
Aðstoð með vinnuframlagi	18
Aðstoð vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar	21
Húsaskjól	22
Fjárhagslegur stuðningur við afkomendur eða aðra	24
Sjálfböðastörf	28
Lokaorð	31
Heimildir	32

Skrá yfir töflur

Tafla 1 Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir landshlutum og árum.....	9
Tafla 2 Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir aldri	9
Tafla 3 Mat þátttakenda á eigin heilsu eftir kyni	10
Tafla 4 Mat þátttakenda á eigin heilsu eftir búsetu	11
Tafla 5 Fjöldi og hlutfall þátttakenda sem hefur sinnt barnagæslu eftir kyni	13
Tafla 6 Fjöldi og hlutfall þátttakenda sem hefur sinnt barnagæslu eftir búsetu	13
Tafla 7 Barnagæsla hvaða þáttum er sinnt eftir kyni.....	15
Tafla 8 Barnagæsla hvaða þáttum er sinnt eftir búsetu.....	15
Tafla 9 Hlutfall þátttakenda sem hafa aðstoða afkomendur eða aðra með vinnuframlagi eftir að 67 ára aldri var náð eftir kyni.....	18
Tafla 10 Hlutfall þátttakenda sem hafa aðstoða afkomendur eða aðra með vinnuframlagi eftir að 67 ára aldri var náð eftir búsetu.....	18
Tafla 11 Hlutfall þátttakenda sem hefur aðstoðað afkomendur eða aðra vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar eftir kyni.....	21
Tafla 12 Hlutfall þátttakenda sem hefur aðstoðað afkomendur eða aðra vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar eftir búsetu	21
Tafla 13 Hlutfall þátttakenda sem hefur hýst afkomendur eða aðra eftir kyni.....	23
Tafla 14 Hlutfall þátttakenda sem hefur hýst afkomendur eða aðra eftir búsetu.....	23
Tafla 15 Fjárhagslegur stuðningur þátttakenda eftir kyni	25
Tafla 16 Fjárhagslegur stuðningur þátttakenda við afkomendur og aðra eftir búsetu	25

Skrá yfir myndir

Mynd 1 Mat þátttakenda á heilsufari sínu.....	10
Mynd 2 Hlutfall þátttakenda eftir aldri og ári sem telur að heilsufar sitt sé mjög gott	11
Mynd 3 Hlutfall þátttakenda eftir aldri og ári sem telur heilsufar sitt sé mjög eða frekar slæmt.	12
Mynd 4 Hlutfall þátttakenda sem hefur sinnt barnagæslu	12
Mynd 5 Hlutfall þátttakenda eftir aldri sem hefur sinnt barnagæslu	13
Mynd 6 Hlutfall þátttakenda eftir heilsufari sem hefur sinnt barnagæslu.....	14
Mynd 7 Barnagæsla hvaða þáttum er sinnt	14
Mynd 8 Barnagæsla hvaða þáttum er sinnt eftir aldri.....	16
Mynd 9 Barnagæsla hvaða þáttum er sinnt eftir heilsufari.....	17
Mynd 10 Hlutfall þátttakenda sem hafa aðstoða afkomendur eða aðra með vinnuframlagi eftir að 67 ára aldri var náð.....	18
Mynd 11 Hlutfall þátttakenda sem hafa aðstoða afkomendur eða aðra með vinnuframlagi eftir að 67 ára aldri var náð eftir aldri	19
Mynd 12 Hlutfall þátttakenda sem hafa aðstoða afkomendur eða aðra með vinnuframlagi eftir að 67 ára aldri var náð eftir heilsufari	20
Mynd 13 Hlutfall þátttakenda sem hefur aðstoðað afkomendur eða aðra vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar eftir aldri.....	21
Mynd 14 Hlutfall þátttakenda sem hefur aðstoðað afkomendur eða aðra vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar eftir heilsufari.....	22
Mynd 15 Hlutfall þátttakenda sem hefur hýst afkomendur eða aðra	22
Mynd 16 Hlutfall þátttakenda sem hefur hýst afkomendur eða aðra eftir aldri.....	23
Mynd 17 Hlutfall þátttakenda sem hefur hýst afkomendur eða aðra eftir heilsufari.....	24
Mynd 18 Fjárhagslegur stuðningur þátttakenda við afkomendur og aðra.....	24
Mynd 19 Fjárhagslegur stuðningur þátttakenda við afkomendur og aðra eftir aldri	26
Mynd 20 Fjárhagslegur stuðningur þátttakenda við afkomendur og aðra eftir heilsufari	27
Mynd 21 Hlutfall þátttakenda sem hefur unnið sjálfböðastörf eftir að 67 ára aldri var náð	28
Mynd 22 Hlutfall þátttakenda sem hefur unnið sjálfböðastörf eftir að 67 ára aldri var náð eftir ári og kyni	28
Mynd 23 Hlutfall þátttakenda sem hefur unnið sjálfböðastörf eftir að 67 ára aldri var náð eftir ári og búsetu	29
Mynd 24 Hlutfall þátttakenda sem hefur unnið sjálfböðastörf eftir að 67 ára aldri var náð eftir aldri.....	29
Mynd 25 Hlutfall þátttakenda sem hefur unnið sjálfböðastörf eftir að 67 ára aldri var náð eftir heilsufari.....	30

Samantekt

Spurningakannanir um framlag eldri borgara til samfélagsins voru lagðar fyrir úrtak eldri borgara árin 2006 og 2016. Bæði árin var úrtakið 1200 einstaklingar á aldrinum 67–85 ára og svöruðu 59% þeirra árið 2016 en 64% árið 2006. Gallup sá um framkvæmd beggja kannananna og var gagna aflað með því að hringja í þátttakendur.

Meðalaldur þátttakenda árið 2016 var 74,4 ár en árið 2006 var hann 75,2 ár. Svipaður fjöldi karla og kvenna tók þátt í báðum könnunum.

Aðspurðir um heilsufar sitt mátu ríflega 79% þátttakenda það mjög eða frekar gott miðað við aldur árið 2016 en 77% svöruðu þannig árið 2006. Hærra hlutfall karla en kvenna taldi heilsufar sitt frekar eða mjög gott í báðum könnunum.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu sinnt barnagæslu eftir að þeir náðu 67 ára aldri og í niðurstöðum árið 2016 höfðu ríflega tveir þriðju hlutar þeirra gert það en 56% árið 2006. Bæði árin var hópur sem sagðist ekki vita hvort hann hefði sinnt barnagæslu og var hann 10% árið 2006 en 8% árið 2016. Hlutfallslega fleiri konur en karlar höfðu sinnt barnagæslu, en munur á kynjum var minni árið 2016 en 2006. Í öllum aldurshópum er algengara að þátttakendur segist hafa sinnt barnagæslu árið 2016 en árið 2006. Eftir því sem mat á heilsu var verra var ólíklegra að þátttakendur hefðu sinnt barnagæslu og á það jafnt við árin 2016 og 2006. Alls höfðu 84% þeirra sem á annað borð höfðu gætt barna gert slíkt á eigin heimili og tæpur helmingur gætt barna á heimili barnanna. Ekki var mikill munur á svörum 2006 og 2016. Aukning hefur orðið á því að fylgja eða keyra á milli staða og athygli vekur hversu miklu algengara slíkt er árið 2016 hjá konum en var árið 2006; þar munar 22 prósentustigum.

Þá voru þátttakendur spurðir um aðstoð við aðstandendur eða aðra með vinnuframlagi og sögdust mun fleiri hafa gert það árið 2016 eða 41% en 22% árið 2006. Einnig var spurt hvort þátttakendur hefðu aðstoðað afkomendur eða aðra vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar. Um það bil fimmtungur hafði veitt slíka aðstoð bæði árin og var það heldur algengara meðal kvenna.

Ein af spurningunum sem lagðar voru fyrir þátttakendur varðaði húsaskjól, það er hvort þeir hefðu hýst afkomendur sína eða aðra í lengri eða skemmri tíma. Ekki var munur á milli ára en um 45% höfðu hýst fólk um skemmri tíma og tæp 17% um lengri tíma.

Svör við spurningu um fjárhagslegan stuðning við afkomendur eða aðra sýndu meiri stuðning árið 2016 en árið 2006. Þannig svöruðu heldur fleiri 2016 að þeir hefðu lánað eða gefið peninga eða tæplega 59% á móti 54% árið 2006, þá höfðu 40% keypt fatnað, heimilistæki eða nauðsynjar árið 2016 en 27% árið 2006. Loks höfðu árið 2016 33% borgað námskeið, tólmstundastörf og fleira en 25% árið 2006. Hins vegar voru færri sem lánuðu veð árið 2016 eða 15% á móti 21% árið 2006.

Loks voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu unnið sjálfböðastörf eftir að 67 ára aldri var náð og voru niðurstöður áþekkar í báðum könnunum þar sem um fjórðungur þátttakenda hafði sinnt slíkum störfum.

Samkvæmt þessum niðurstöðum er framlag eldri borgara til samfélagsins verulegt þó oft sé það hulið og vart metið til fjár. Munur á milli kannananna árin 2006 og 2016 er ekki mikill, en þó má sjá heldur meiri stuðning, hvort sem litið er til barnagæslu eða fjárhagslegs stuðnings.

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir samanburði á niðurstöðum tveggja spurningakannana meðal fólks á aldrinum 67–85 ára. Kannanirnar voru gerðar árin 2006 og 2016. Áður hafa birst skýrslur með niðurstöðum spurningakannananna frá árunum 2006 og 2016, sjá Amalíu Björnsdóttur, Auði Torfadóttur og Ingibjörgu H. Harðardóttur (2006) og Amalíu Björnsdóttur og Ingibjörgu H. Harðardóttur (2016). Tilgangur þessarar skýrslu er að birta yfirlit yfir fyrrgreindar niðurstöður og bera þær saman en betur verður gerð grein fyrir þeim í frekari skrifum síðar.

Ábyrgðarmaður rannsókna er Ingibjörg H. Harðardóttir lektor og með henni hefur unnið að báðum rannsóknunum Amalía Björnsdóttir prófessor, en báðar starfa þær við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Að fyrri rannsókninni vann einnig Auður Torfadóttir, fyrrverandi dósent við Kennaraháskóla Íslands.

Báðar kannanirnar voru framkvæmdar af Gallup, sú fyrri styrkt af Sparisjóðunum á Íslandi en sú síðari af Félagi eldri borgara í Reykjavík og Rannsóknasjóði Öldrunarráðs Íslands.

Í spurningakönnuninni 2016 voru valdar nokkrar spurningar úr könnuninni sem var gerð 2006. Niðurstöður rannsókna, sem byggðust bæði á spurningakönnunum og viðtölum, hafa meðal annars verið birtar í þremur skýrslum, sjá Amalíu Björnsdóttur o.fl. (2006); Ingibjörgu H. Harðardóttur, Auði Torfadóttur og Amalíu Björnsdóttur (2006) og Amalía Björnsdóttur og Ingibjörgu H. Harðardóttur (2016).

Í skýrslunni verða bornar saman niðurstöður spurningakannananna tveggja frá árunum 2006 og 2016 og skoðað hvert framlag eldri borgara til samfélagsins var og er. Til að svara þeirri spurningu var litið á framlag þeirra til barnagæslu, vinnuframlag sem ekki er greitt fyrir, þátttöku í sjálfböðastarfi og fjárhagslegan stuðning þeirra við fjölskyldu sína og aðra.

Höfundar skýrslunnar vilja þakka Gallup fyrir framkvæmd rannsóknarinnar og Félagi eldri borgara í Reykjavík og Rannsóknasjóði Öldrunarráðs Íslands fyrir fjárstuðning. Einnig standa höfundar í þakkarskuld við Auði Torfadóttur, fyrrverandi dósent við Kennaraháskóla Íslands, sem vann með þeim í fyrri rannsókn á framlagi eldri borgara til samfélagsins.

Söfnun gagna og þátttakendur

Gagna var aflað með því að hringja í þátttakendur og leggja fyrir þá spurningar. Gallup sá um framkvæmdina og var gagna aflað á tímabilinu 26. maí til 7. júní 2016 og 20. júní til 20. júlí 2006.

Þátttakendur voru 1200, valdir af handahófi úr þjóðskrá úr hópi fólks á aldrinum 67–85 ára. Alls svöruðu 706 þátttakendur eða 59% þeirra sem í úrtakinu voru árið 2016 en þátttaka var heldur betri árið 2006; þá svöruðu 725 eða 64,6%. Yfirlit um búsetu þátttakenda má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall (%) þátttakenda eftir landshlutum og árum.

	Árið 2006		Árið 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	277	31,4	222	31,4
Nágrenni Reykjavíkur	164	25,9	183	25,9
Suðurnes	42	3,7	26	3,7
Vesturland	30	6,9	49	6,9
Vestfirðir	21	3,0	21	3,0
Norðurland	92	14,0	99	14,0
Austurland	40	4,7	33	4,7
Suðurland	59	10,3	73	10,3
Samtals	725	100,0	706	100,0

Af þátttakendum 2016 voru karlar 354 (50,1%) og konur 352 (49,9%) en árið 2006 voru karlar 354 (48,8%) og konur 371 (51,2%). Meðalaldur þátttakenda var árið 2016 74,4 ár ($sf = 5,5$) en árið 2006 var meðalaldur 75,2 ár ($sf = 5,1$). Þátttakendur voru því að meðaltali örlítið eldri árið 2006. Yfirlit um fjölda þátttakenda eftir aldri má sjá í töflu 2.


Tafla 2 Fjöldi og hlutfall (%) þátttakenda eftir aldri.

Aldur	Árið 2006		Árið 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
67 til 70 ára	155	21,4	227	32,2
71 til 74 ára	194	26,8	167	23,7
75 til 78 ára	164	22,6	122	17,3
79 til 82 ára	141	19,4	115	16,3
83 ára og eldri	71	9,8	75	10,6
Samtals	725	100	706	100,0

Niðurstöður

Heilsufar

Þátttakendur voru inntir eftir því hvort þeir teldu heilsufar sitt vera gott eða slæmt miðað við aldur og má sjá niðurstöður á mynd 1.



Mynd 1. Mat þátttakenda á heilsufari sínu.

Ríflega 79% þátttakenda töldu heilsufar sitt gott (mjög eða frekar gott) miðað við aldur árið 2016 en sambærileg tala var 77% árið 2006. Aðeins 12% töldu það mjög slæmt eða frekar slæmt árið 2016 en 10% svöruðu á þann hátt 2006. Þegar svör við öðrum spurningum verða skoðuð eftir mati einstaklinga á eigin heilsu verða þessir tveir hópar sameinaðir, það er þeir sem töldu heilsu sína frekar eða mjög slæma. Er það gert vegna smæðar hópsins.

Í töflu 3 sést samanburður á svörum karla og kvenna þegar spurt var um heilsufar. Hærra hlutfall karla en kvenna taldi heilsufar sitt gott miðað við aldur og átti það við bæði árið 2006 og 2016.


Tafla 3. Mat þátttakenda á eigin heilsu eftir kyni.

Heilsufar	Árið 2006				Árið 2016			
	Karlar		Konur		Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Mjög gott	128	36,8	117	32,3	153	44,3	119	33,8
Frekar gott	156	44,8	143	39,5	134	38,8	83	23,6
Hvorki gott né slæmt	31	8,9	61	16,9	23	6,7	52	14,8
Frekar slæmt	24	6,9	28	7,7	23	6,7	60	17,0
Mjög slæmt	9	2,6	13	3,6	12	3,5	38	10,8
Samtals	348	100	362	100	345	100	352	100,0

Tafla 4. Mat þátttakenda á eigin heilsu eftir búsetu.

Heilsufar	Árið 2006				Árið 2016			
	Höfuðborgarsv.		Utan höfuðborgarsv.		Höfuðborgarsv.		Utan höfuðborgarsv.	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Mjög gott	157	36,2	88	31,9	170	43,6	114	38,5
Frekar gott	172	39,6	127	46,0	147	37,7	112	37,8
Hvorki gott né slæmt	54	12,4	38	13,8	34	8,7	32	10,8
Frekar slæmt	34	7,8	18	6,5	26	6,7	33	11,1
Mjög slæmt	17	3,9	5	1,8	13	3,3	5	1,7
Samtals	434	100,0	276	100,0	390	100,0	296	100,0


Í töflu 4 sést mat þátttakenda á eigin heilsu borið saman eftir búsetu, það er hvort þátttakendur bjuggu á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess. Af þátttakendum á höfuðborgarsvæðinu taldi rúmlega 81% að heilsa sín væri mjög eða frekar góð árið 2016 en tæplega 78% árið 2006. Árið 2016 og árið 2006 töldu um 76% þátttakenda utan höfuðborgarsvæðisins heilsu sína frekar eða mjög góða.



Mynd 2. Hlutfall þátttakenda, eftir aldri og ári, sem telja að heilsufar sitt sé mjög gott.

Á mynd 2 er síðan samanburður á hlutfalli einstaklinga sem telja að heilsa sín sé mjög góð. Þarna er að finna samanburð eftir aldri og ári. Árið 2016 er hærra hlutfall sem metur heilsu sína mjög góða en árið 2006, og á það sérstaklega við í yngstu aldurshópnum, það er fólk á aldrinum 67 til 74 ára.


Aftur á móti sést á mynd 3 að árið 2016 er heldur hærra hlutfall sem telur heilsufar sitt vera mjög eða frekar slæmt en var árið 2006. Sérstaklega á þetta við um elstu aldurshópana.



Mynd 3. Hlutfall þátttakenda, eftir aldri og ári, sem telja að heilsufar sitt sé mjög eða frekar slæmt.

Aðstoð við barnagæslu

Árið 2016 áttu 659 þátttakendur (93,3%) afkomendur en 47 (6,7%) áttu ekki afkomendur. Þetta eru svipaðar niðurstöður og árið 2006 þegar 686 (94,8%) áttu afkomendur en 38 (5,2%) áttu ekki afkomendur. Þeir sem áttu afkomendur voru spurðir hvort þeir hefðu sinnt barnagæslu eftir að þeir náðu 67 ára aldri. Þessi háttur var hafður á bæði árin, það er 2006 og 2016. Niðurstöður má sjá á mynd 4 en þar sést að rúmlega 67% þátttakenda höfðu sinnt barnagæslu eftir að 67 ára aldri var náð árið 2016 en 56% árið 2006.



Mynd 4. Hlutfall þátttakenda sem hafa sinnt barnagæslu.

Tafla 5. Fjöldi og hlutfall þátttakenda sem hafa sinnt barnagæslu eftir kyni.


	Árið 2006				Árið 2016			
	Karlar		Konur		Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Aldrei gætt barna	124	37,7	110	30,7	94	29,1	69	20,5
Hefur gætt barna	167	50,8	215	60,1	208	64,4	234	69,6
Veit ekki	38	11,6	33	9,2	21	6,5	33	9,8
Samtals	329	100,0	358	100,0	323	100,0	336	100,0

Af töflu 5 má ráða að hlutfallslega fleiri konur en karlar höfðu sinnt barnagæslu bæði árin en munur á kynjunum er minni árið 2016 en hann var fyrir 10 árum, árið 2006. Bæði kynin sinna frekar barnagæslu núna en þau gerðu árið 2006.

Tafla 6. Fjöldi og hlutfall (%) þátttakenda sem hafa sinnt barnagæslu eftir búsetu.


	Árið 2006				Árið 2016			
	Höfuðborgarsv.		Utan höfuðborgarsv.		Höfuðborgarsv.		Utan höfuðborgarsv.	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Aldrei gætt barna	146	35,0	88	32,6	87	23,0	76	27,0
Hefur gætt barna	227	54,4	155	57,4	254	67,2	188	66,9
Veit ekki	44	10,6	27	10,0	37	9,8	17	6,0
Samtals	417	100,0	270	100,0	378	100,0	281	100,0

Hlutfallslega hafði svipaður fjöldi þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu og utan höfuðborgarsvæðisins sinnt barnagæslu árið 2016, eða um 67%, en þetta má sjá í töflu 6. Algengara er nú en fyrir 10 árum að fólk sinni barnagæslu og á það við bæði um þátttakendur á höfuðborgarsvæðinu og utan þess.



Mynd 5. Hlutfall þátttakenda sem hafa sinnt barnagæslu eftir aldri.


Á mynd 5 má sjá hlutfall þátttakenda sem sögðust hafa sinnt barnagæslu, greint eftir aldri. Í öllum aldurshópum er algengara að þátttakendur segist hafa sinnt slíku árið 2016 en 10 árum fyrr, það er 2006. Svo virðist að eftir því sem fólk í hópnum verði eldra fækki í þeim hópi sem segist hafa sinnt barnagæslu, jafnvel þó spurt hafi verið um barnagæslu frá 67 ára aldri, og sést þetta mynstur bæði í svörum þátttakenda árið 2006 og 2016. Líklega er þetta eitthvert vanmat eldri þátttakenda á framlagi sínu.



Mynd 6. Hlutfall þátttakenda sem hafa sinnt barnagæslu eftir heilsufari.

Á mynd 6 má sjá tíðni barnagæslu eftir mati þátttakenda á heilsu sinni. Niðurstöður voru þar nokkuð skýrar; eftir því sem mat á heilsu var verra var ólíklegra að þátttakendur hefðu sinnt barnagæslu og á það við bæði árið 2016 og 2006.

Þeir þátttakendur sem höfðu sinnt barnagæslu voru spurðir nokkurra spurninga um það í hverju hún hefði falist (sjá mynd 7).



Mynd 7. Barnagæsla, hvaða þáttum er sinnt.

Alls höfðu um 84% þátttakenda gætt barna á eigin heimili og tæpur helmingur gætt barna á heimili barnanna og ekki var mikill munur á svörum þátttakenda árið 2006 og 2016. Athygli vekur að mikill aukning hefur orðið á því að fylgja eða keyra á milli staða, því sem í daglegu tali er kallað að skutla börnunum.

Tafla 7. Barnagæsla, hvaða þáttum er sinnt eftir kyni.

	Árið 2006				Árið 2016			
	Karlur		Konur		Karlur		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Gætt barna á eigin heimili	138	82,6	181	84,2	174	83,7	199	85,0
Gætt barna á heimili þeirra	70	41,9	112	52,1	98	47,1	121	51,7
Fylgt eða keyrt á milli staða	51	30,5	41	19,1	95	45,7	98	41,9


Í töflu 7 er greint eftir kyni hvaða þáttum barnagæslu þátttakendur höfðu sinnt. Örlítið algengara var að konur hefðu gætt barna, annaðhvort á eigin heimili eða heimili barnanna, en algengara var að karlar en konur hefðu keyrt eða fylgt á milli staða. Það vekur þó athygli hversu miklu algengara slíkt er árið 2016 hjá konum en var árið 2006; þar munar 22 prósentustigum.

Tafla 8. Barnagæsla, hvaða þáttum er sinnt eftir búsetu.


	Árið 2006				Árið 2016			
	Höfuðborgarsv.		Utan höfuðborgarsv.		Höfuðborgarsv.		Utan höfuðborgarsv.	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Gætt barna á eigin heimili	190	83,7	129	83,2	211	83,1	162	86,2
Gætt barna á heimili þeirra	112	49,3	88	56,8	136	53,5	83	44,1
Fylgt eða keyrt á milli staða	65	28,6	27	17,4	122	48,0	71	37,8

Þegar tafla 8 er skoðuð sést að það var algengara að þátttakendur á höfuðborgarsvæðinu en þátttakendur á landsbyggðinni fylgdu eða keyrðu á milli staða. Athygli vekur sú mikla aukning sem hefur orðið á þessum lið bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess.

Á mynd 8 og 9 sést hvaða þáttum barnagæslu er sinnt eftir aldri og mati þátttakenda á heilsufari sínu. Þarna kemur enn einu sinni fram hversu algengara það er árið 2016 að þátttakendur hafi fylgt eða keyrt á milli staða.




Mynd 8. Barnagæsla, hvaða þáttum er sinnt eftir aldri.



Mynd 9 Barnagæsla, hvaða þáttum er sinnt eftir heilsufari.

Aðstoð með vinnuframlagi



Mynd 10. Hlutfall þátttakenda sem hafa aðstoðað afkomendur eða aðra með vinnuframlagi eftir að 67 ára aldri var náð.

Á mynd 10 sést að 41% þátttakenda sagðist hafa aðstoðað afkomendur eða aðra með vinnuframlagi eftir að 67 ára aldri var náð árið 2016 en aðeins 22% árið 2006. Hópurinn sem sagðist ekki vita hvort hann hefði aðstoðað með vinnuframlagi var miklu stærri árið 2006 en 2016. Af töflu 9 má síðan ráða að árið 2016 hafi karlar frekar sinnt slíku en konur; 47,9% karla en 35,1% kvenna sögðust hafa aðstoðað með vinnuframlagi. Munurinn var minni á körlum og konum árið 2006.


Tafla 9. Hlutfall (%) þátttakenda sem hafa aðstoðað afkomendur eða aðra með vinnuframlagi eftir að 67 ára aldri var náð eftir kyni.

	Árið 2006				Árið 2016			
	Karlar		Konur		Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ekki aðstoðað	176	49,7	213	57,4	152	43,6	200	57,5
Aðstoðað	79	22,3	77	20,8	167	47,9	122	35,1
Veit ekki	99	28,0	81	21,8	30	8,6	26	7,5
Samtals	354	100,0	371	100,0	349	100,0	348	100,0

Heldur algengara var að þátttakendur utan höfuðborgarsvæðisins en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu segðust hafa aðstoðað með vinnuframlagi árið 2016 og munar þarna rúmum fimm prósentustigum. En munurinn er nánast enginn árið 2006 (sjá töflu 10).


Tafla 10. Hlutfall (%) þátttakenda sem hafa aðstoðað afkomendur eða aðra með vinnuframlagi eftir að 67 ára aldri var náð eftir búsetu.

	Árið 2006				Árið 2016			
	Höfuðborgarsv.		Utan höfuðborgarsv.		Höfuðborgarsv.		Utan höfuðborgarsv.	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ekki aðstoðað	237	53,7	152	53,5	212	52,9	140	47,3
Aðstoðað	94	21,3	62	21,8	157	39,2	132	44,6
Veit ekki	110	24,9	70	24,6	32	8,0	24	8,1
Samtals	441	100,0	284	100,0	401	100,0	296	100,0



Mynd 11. Hlutfall þátttakenda sem hafa aðstoðað afkomendur eða aðra með vinnuframlagi eftir að 67 ára aldri var náð eftir aldri.

Niðurstöður myndar 11 benda til þess að það dragi úr vinnuframlagi eftir því sem þátttakendur verða eldri. Þegar niðurstöður voru skoðaðar eftir heilsufari var algengast að þeir sem sögðu heilsu sína mjög góða hefðu aðstoðað með vinnuframlagi en næstalgengast var þetta hjá þeim hópi þátttakenda sem taldi heilsu sína hvorki góða né slæma (sjá mynd 12).



Mynd 12. Hlutfall þátttakenda sem hafa aðstoðað afkomendur eða aðra með vinnuframlagi eftir að 67 ára aldri var náð eftir heilsufari.

Aðstoð vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu aðstoðað afkomendur eða aðra vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar. Tekið var fram að ekki væri verið að tala um umgangspæstir og slíkt. Árið 2006 höfðu 18,9% þátttakenda veitt slíka aðstoð en 20,8% árið 2016.

Þarna var nokkur munur eftir kyni, eins og má sjá í töflu 11. Ríflega 23% kvenna og ríflega 18% karla í hópi þátttakenda sögðust hafa veitt slíka aðstoð árið 2016 en hlutfallið var heldur lægra hjá körlunum árið 2006 eða 14,4%.

Tafla 11. Hlutfall (%) þátttakenda sem hafa aðstoðað afkomendur eða aðra vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar eftir kyni.


Aðstoðað vegna veikinda eða fötlunar	Árið 2006				Árið 2016			
	Karlar		Konur		Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
	51	14,4	86	23,2	64	18,2	82	23,4

Svörin um aðstoð vegna veikinda eða fötlunar voru einnig skoðuð eftir búsetu og má sjá í töflu 12 að árið 2016 sögðust 22% þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu hafa aðstoðað á þennan hátt en 19,1% þátttakenda sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, og var það örlítill aukning frá 2006.


Tafla 12. Hlutfall (%) þátttakenda sem hafa aðstoðað afkomendur eða aðra vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar eftir búsetu.

Aðstoðað vegna veikinda eða fötlunar	Árið 2006				Árið 2016			
	Höfuðborgarsv.		Utan höfuðborgarsv.		Höfuðborgarsv.		Utan höfuðborgarsv.	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
	86	19,5	51	18,0	89	22,0	57	19,1

Á mynd 13 má sjá hlutfall þátttakenda sem hafa aðstoðað afkomendur eða aðra vegna alvarlegrar fötlunar eða veikinda, greint eftir aldri. Mynstrið er ekki skýrt. Árið 2006 var áberandi að þeir sem voru 79 ára eða eldri sögðust síður hafa sinnt slíku en árið 2016 kom það ekki fram með sama hætti.



Mynd 13. Hlutfall þátttakenda sem hafa aðstoðað afkomendur eða aðra vegna alvarlegrar veikinda eða fötlunar eftir aldri.




Mynd 14. Hlutfall þátttakenda sem hafa aðstoðað afkomendur eða aðra vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar eftir heilsufari.

Á mynd 14 má sjá hlutfall þátttakenda sem segjast hafa aðstoðað afkomendur eða aðra vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar, greint eftir mati á heilsufari. Það vekur athygli að þeir sem meta heilsufar sitt frekar eða mjög slæmt segjast frekar hafa aðstoðað en þeir sem telja það hvorki gott né slæmt.

Húsaskjól

Ein spurningin sem lögð var fyrir þátttakendur var hvort þeir hefðu hýst afkomendur eða aðra í lengri eða skemmri tíma. Um 45% höfðu hýst fólk um skemmri tíma og 16–17% um lengri tíma; nánast enginn munur var á svörum árið 2006 og 2016 (sjá mynd 15).



Mynd 15. Hlutfall þátttakenda sem hafa hýst afkomendur eða aðra.

Tafla 13. Hlutfall þátttakenda (%) sem hafa hýst afkomendur eða aðra eftir kyni.


Hýst afkomendur eða aðra	Árið 2006				Árið 2016			
	Karlar		Konur		Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Í skemmri tíma	142	40,5	180	48,6	159	45,2%	158	45,4%
Í lengri tíma	48	13,7	69	18,6	59	16,8%	61	17,5%
Nei	161	45,9	121	32,7	134	38,1%	129	37,1%

Í töflu 13 er skoðað eftir kyni og ári hvort þátttakendur hafi hýst afkomendur eða aðra um skemmri eða lengri tíma. Svör karla og kvenna eru nánast eins árið 2016 en árið 2006 var algengara að konur segðust hafa hýst afkomendur eða aðra.

Tafla 14. Hlutfall (%) þátttakenda sem hafa hýst afkomendur eða aðra eftir búsetu.


Hýst afkomendur eða aðra	Árið 2006				Árið 2016			
	Höfuðborgarsv.		Utan höfuð- borgarsv.		Höfuðborgarsv.		Utan höfuð- borgarsv.	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Í skemmri tíma	183	41,8	139	49,1	175	43,9	142	47,2
Í lengri tíma	74	16,9	43	15,2	71	17,8	49	16,3
Nei	181	41,3	101	35,7	153	38,3	110	36,5

Það var einnig lítil munur á því eftir búsetu hvort þátttakendur höfðu hýst afkomendur eða aðra (sjá töflu 14). Þó var heldur algengara utan höfuðborgarsvæðisins en á höfuðborgarsvæðinu að hafa hýst afkomendur eða aðra í skamman tíma.



Mynd 16. Hlutfall þátttakenda sem hafa hýst afkomendur eða aðra eftir aldri.


Á mynd 16 má sjá svör þátttakenda eftir aldri við því hvort þeir hafi hýst afkomendur eða aðra. Bæði árin 2006 og 2016 er ekki mikill munur eftir aldri þátttakenda þegar spurt er hvort þeir hafi hýst fólk til lengri tíma. Þegar spurt er um að hýsa fólk til skemmri tíma virðist frekar draga úr slíku í elstu aldurshópunum.



Mynd 17. Hlutfall þátttakenda sem hafa hýst afkomendur eða aðra eftir heilsufari.

Á mynd 17 má sjá svör þátttakenda eftir mati á heilsufari aldri við því hvort þeir hafi hýst afkomendur eða aðra. Ekki er mikill munur á svörunum, hvorki árið 2006 né 2016.

Fjárhagslegur stuðningur við afkomendur eða aðra



Mynd 18. Fjárhagslegur stuðningur þátttakenda við afkomendur eða aðra.

Á mynd 18 má sjá hlutfall þátttakenda sem hafa styrkt afkomendur sína eða aðra fjárhagslega með ýmsum hætti. Algengast var að þeir hefðu styrkt þá með því að lána eða gefa þeim peninga

og átti það við bæði árin. Fjárhagslegur stuðningur er algengari árið 2016 en 2006 nema þegar spurt er um að lána veð, það var algengara fyrir tíu árum.

Af töflu 15 má ráða að algengara var að karlar í hópi þátttakenda hefðu styrkt einhverja fjárhagslega en konur. Þetta átti við um alla þætti sem spurt var um og bæði árin.

Tafla 15. Fjárhagslegur stuðningur þátttakenda við ættingja eða aðra eftir kyni.


Hýst afkomendur eða aðra	Árið 2006				Árið 2016			
	Karlar		Konur		Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Lánað eða gefið peninga	217	62,2	166	46,2	221	63,7	189	53,8
Styrkt til kaupa á fatnaði, húsbúnaði o. fl.	100	28,8	94	25,8	149	42,8	126	36,8
Styrkt til tómstundastarfs	95	27,4	85	23,2	131	37,5	98	28,2
Lánað veð	76	21,8	75	20,5	63	18,1	43	12,4

Tafla 18 sýnir síðan fjárhagslegan stuðning eftir búsetu. Bæði 2006 og 2016 var algengara að fólk utan höfuðborgarsvæðisins lánaði veð en það var algengara á höfuðborgarsvæðinu en utan þess að þátttakendur hefðu styrkt ættingja eða aðra til kaupa á fatnaði, húsbúnaði og slíku og til þátttöku í tómstundastarfi.


Tafla 16. Fjárhagslegur stuðningur þátttakenda við afkomendur eða aðra eftir búsetu.

Hýst afkomendur eða aðra	Árið 2006				Árið 2016			
	Höfuðborgarsv.		Utan höfuð- borgarsv.		Höfuðborgarsv.		Utan höfuð- borgarsv.	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Lánað eða gefið peninga	230	53,7	153	54,6	239	59,6	171	57,6
Styrkt til kaupa á fatnaði, húsbúnaði o. fl.	127	29,5	67	23,8	171	43,4	104	35,1
Styrkt til tómstundastarfs	114	26,4	66	23,4	142	35,6	87	29,2
Lánað veð	97	22,4	54	19,4	65	16,3	41	13,7

Á myndum 19 og 20 má síðan sjá fjárhagslegan stuðning við ættingja eða aðra, eftir aldri þátttakenda og mati þeirra á eigin heilsu.




Mynd 19. Fjárhagslegur stuðningur þátttakenda við afkomendur eða aðra eftir aldri.




Mynd 20. Fjárhagslegur stuðningur þátttakenda við afkomendur eða aðra eftir heilsufari.

Sjálfböðastörf




Mynd 21. Hlutfall þátttakenda sem hafa unnið sjálfböðastörf eftir að 67 ára aldri var náð.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu sinnt sjálfböðastarfi eftir að þeir náðu 67 ára aldri og hafði ríflega fjórðungur þeirra tekið þátt í slíku starfi árið 2016 en tæplega fjórðungur árið 2006, sjá mynd 21.




Mynd 22. Hlutfall þátttakenda sem hafa unnið sjálfböðastörf eftir að 67 ára aldri var náð eftir ári og kyni.

Á mynd 22 má sjá að karlar sögðu oftar en konur að þeir hefðu sinnt sjálfböðastarfi eða 28,5% þeirra á móti 24,9% kvenna árið 2016 og 25,8% karla og 23,5% kvenna árið 2006.



Mynd 23. Hlutfall þátttakenda sem hafa unnið sjálfböðastörf eftir að 67 ára aldri var náð eftir ári og búsetu.


Á mynd 23 sést einnig að sjálfböðastarf virðist vera algengara utan höfuðborgarsvæðisins en á höfuðborgarsvæðinu. Þannig er það árið 2016 og einnig fyrir 10 árum, árið 2006. Um þriðjungur þátttakenda utan höfuðborgarsvæðisins og um fimmtingur á höfuðborgarsvæðinu hefur unnið sjálfböðastörf eftir að 67 ára aldri var náð.



Mynd 24. Hlutfall þátttakenda sem hafa unnið sjálfböðastörf eftir að 67 ára aldri var náð eftir aldri.

Þegar skoðaður voru niðurstöður um þátttöku í sjálfböðastarfi eftir að 67 ára aldri var náð sést að færri í elsta aldurshópnum sögðust hafa unnið sjálfböðastörf (sjá mynd 24) en í yngri aldurshópnum. Líklegt má telja að þetta sé vanmat; að þátttakendur hugsi aðallega um síðustu árin en ekki allt tímabilið frá 67 ára aldri.

Ekki þarf að koma á óvart að þeir sem töldu heilsu sína góða voru líklegri en þeir sem töldu hana slæma til að hafa sinnt sjálfboðastörfum og á þetta við bæði um niðurstöður ársins 2006 og 2016, sjá nánar mynd 25.



Mynd 25. Hlutfall þátttakenda sem hafa unnið sjálfboðastörf eftir að 67 ára aldri var náð eftir heilsufari.

Lokaorð

Í þessari skýrslu voru bornar saman helstu niðurstöður úr spurningakönnunum meðal fólks á aldrinum 67–85 ára sem gerðar voru árin 2006 og 2016.

Niðurstöður kannananna benda til umtalsverðs framlags eldri borgara, meðal annars með stuðningi við fjölskyldu sína og aðra. Þetta framlag fer ekki hátt í orðræðu dagsins þar sem umræður um eldra fólk eru oft tengdar sjúkleika og hjálparþörf. Ekki skal gert lítið úr þeirri umræðu en vert er að benda á að eldri borgarar eru ekki bara hjálparþurfi heldur eru þeir einnig bjargvættir og stuðningsnet fyrir fjölskyldu sína og vini.

Áhugasömum er einnig bent á skrif um niðurstöður sem safnað var árið 2006 (Amalía Björnsdóttir, Auður Torfadóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir (2006) og Ingibjörg H. Harðardóttir, Auður Torfadóttir og Amalía Björnsdóttir (2006)). Um niðurstöður árið 2016 má lesa hjá Amalíu Björnsdóttur og Ingibjörgu H. Harðardóttur (2016) og Ingibjörgu H. Harðardóttur og Amalíu Björnsdóttur (2016). Einnig má benda á greinar um efnið eftir Amalíu Björnsdóttur og Ingibjörgu H. Harðardóttur (2007); Ingibjörgu H. Harðardóttur og Amalíu Björnsdóttur (2008) og Ingibjörgu H. Harðardóttur og Amalíu Björnsdóttur (2016).

Heimildir

- Amalía Björnsdóttir, Auður Torfadóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir. (2006). *Skýrsla um framlag eldri borgara til samfélagsins. Niðurstöður spurningakannana*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Sótt af http://vefsetur.hi.is/srr/sites/files/srr/imagecache/forsidu_kassi/sites/SeinniFEBskyrslalok.2.pdf.
- Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir. (2007). Eldri borgarar og stórfjölskyldan. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 493–504). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir. (2016). *Framlag eldri borgara til samfélagsins. Niðurstöður úr spurningakönnun sumarið 2016*. Reykjavík: Menntavísindastofnun. Sótt af http://menntavísindastofnun.hi.is/sites/menntavísindastofnun.hi.is/files/framlag_eldri_borgara_fyrri_skyrsla.pdf
- Ingibjörg H. Harðardóttir, Auður Torfadóttir og Amalía Björnsdóttir. (2006). *Framlag eldri borgara: Viðtalskönnun meðal eldri borgara*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Sótt af http://vefsetur.hi.is/srr/sites/files/srr/imagecache/forsidu_kassi/sites/FyrriFEBskyrslalok.1.pdf
- Ingibjörg H. Harðardóttir og Amalía Björnsdóttir. (2008). Það þarf þorp til að ala upp barn. Framlag eldri borgara til umönnunar barna á Íslandi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2008/016/index.htm>
- Ingibjörg H. Harðardóttir og Amalía Björnsdóttir. (2016). Eldri borgarar á Íslandi: Hjálparþurfi eða bjargvættir. Í Sigrún Harðardóttir og Halldór Guðmundsson (ritstj.), *Þjóðarspegillinn: Ráðstefna í félagsvísindum XVII*. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/26365>